

### **119. fundur Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 26. janúar 2018 að Þverholti 2 Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl 14:45.**

Fundinn sátu fyrir hönd framkvæmdastjórnar: Árný Sigurðardóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Guðmundur H. Einarsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis sem jafnframt ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

1. Ársskýrsla framkvæmdastjórnarinnar árið 2017.  
Ársskýrslan var lögð fram og samþykkt.
2. Starfsleyfisumsókn Landsnets vegna framlengingar á starfsleyfi fyrir Lyklafellslínu 1.  
Lagt fram bréf Landsnets dagsett 23. janúar 2018 þar sem óskað er eftir endurútgáfu á starfsleyfi fyrir byggingu Lyklafellslínu 1 en leyfi fyrir framkvæmdinni gildi til 31. október 2017. Fram kemur í bréfinu að framkvæmdir hafi tafist en gert sé ráð fyrir að framkvæmdir hefjist að nýju í apríl 2018 og að þeim verði lokið seinni hluta árs 2019. Í bréfinu segir jafnframt að engar breytingar hafi orðið á fyrirhugaðri framkvæmd frá því starfsleyfi var gefið út.  
Málið verður lagt fyrir heilbrigðisnefndir á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við 6. gr. samþykktar nr. 555/2015.

Fundi slitið kl 16.00.